



Per mentis
geðlækningar

Vöktun með öryggismyndavélum

Öryggismyndavél er í biðstofu okkar sem fylgist með mannaferðum í því rými. Myndavélin nemur bæði hljóð og mynd.

Ekki eru öryggismyndavélar inni á stofum, á salerni eða annars staðar en í biðstofu.

Tilgangur vöktunarinnar er að tryggja öryggi starfsfólks, skjólstæðinga og eigna stofunnar. Upptökur eru varðveittar í fjórtán (14) daga, en síðan eytt sjálfvirkt. Aðeins framkvæmdastjóri stofunnar hefur aðgang að upptökunum. Upptökur eru aðeins varðveittar lengur og/eða afhentar öðrum ef kemur til sérstakra aðstæðna, t.d. lögreglumáls. Ábyrgðaraðili vöktunarinnar er Kristófer Sigurðsson. Frekari upplýsingar um hana má nálgast hjá starfsfólki stofunnar. Vakin er athygli á því að ef óánægja er með vöktunina er hægt að ræða það við starfsfólk, eða beina kvörtun til Persónuverndar.